

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
167. fundur – 15. desember 2011

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fimmtudaginn 15. desember 2011 að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fundurinn hófst kl. 18.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gísli Gíslason boðaði forföll og í hans stað mætti Richard Hansen.

Fundargerð 166. fundar heilbrigðisnefndar frá 21. nóvember 2011 lögð fram.

1 Fundargerð 145. starfsmannafundar frá 12. desember 2011

1.1 Starfsleyfi

Álftanes

1.1.1 Breiðumýri, Álftanes - fræðslustarfsemi

Lögð fram umsókn Sveinbjörns Njálssonar f.h. Sveitarfélagsins Álftanes, kt. 440169-6869, dags. 5.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skóla í vallahúsi við Álftanesskóla, Álftanesi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Garðabær

1.1.2 Lyngás 13, Garðabær - drykkjarvöruframleiðsla

Lögð fram umsókn Haralds Hauks Þorkelssonar, f.h. Eimverks ehf. kt. 510811-0700, dags. 13.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til drykkjarvöru framleiðslu að Lyngási 13, Garðabæ. Húshluti: hluti af 02 0101. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.3 Suðurhraun 12a, Garðabær - verslun með merkingaskyldar efnavörur

Lögð fram umsókn Gylfa Rútssonar, f.h. Distica hf. kt. 680604-4010, dags. 8.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildsölu með vörur sem innihalda eitrefni og hættuleg efni að Suðurhrauni 12a, Garðabæ. Húshluti: Allt húsið. Breyting á starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.4 Vífilsstaðir, Garðabær - hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn Sveins H. Skúlasonar f.h. Holtsbúðar hjúkrunar-/dvalarheimilis, kt. 580699-2519, dags. 30.11.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjúkrunarheimilis að Vífilsstöðum, Garðabæ. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

1.1.5 Eyrartröð 2a, Hafnarfjörður – matvælavinnsla

Lögð fram umsókn frá Friðriki Mar Guðmundssyni f.h. Vogabæjar ehf., kt. 470193-3369 dags. 6.11.2011, þar sem sótt er um leyfi til matvælaframleiðslu að Eyrartröð 2a, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.6 Eyrartröð 2a, Hafnarfjörður – matvælavinnsla

Lögð fram umsókn frá Friðriki Mar Guðmundssyni f.h Mjólku ehf. (Mjólka-Eyjabú) kt. 490209-2550 dags. 6.11.2011, þar sem sótt er um leyfi til mjólkurvöruframleiðslu að Eyrartröð 2a, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.7 Eyrartröð 13a, Hafnarfjörður – fiskverkun

Lögð fram umsókn Guðna Gunnarssonar f.h Stokkhyls ehf kt. 430407-0310 dags. 22.11.2011, þar sem sótt er um leyfi til saltfiskverkunar að Eyrartröð 13a, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið.

Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.8 Hjallahraun 13, Hafnarfjörður - hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Aldísar Haraldsdóttur f.h. Hársnyrtistofunnar Hárs ehf., kt. 580308-1120 dags. 1.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Hjallahrauni 13, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0103. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.9 Hvaleyrarbraut 20, Hafnarfjörður – verkstæði

Lögð fram umsókn Hjálmars Helgasonar f.h Vélafis ehf., kt. 670400-2630 dags. 6.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis ásamt sölu vinnuvéla og varahluta að Hvaleyrarbraut 20, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.10 Kaplahraun 9, Hafnarfjörður – bakarí

Lögð fram umsókn Gunnars Magnússonar f.h Bakarans okkar ehf., kt. 691111 1130 dags. 14.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs brauða og kökugerðar og matvælaframleiðslu að Kaplahrauni 9 í Hafnarfirði.

Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.11 Steinhellu 10, Hafnarfjörður – varaafstöð

Lögð fram umsókn Árna R. Jónssonar f.h Thor Data Center ehf., kt. 630909-2750 dags. 12.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gagnavers með varaafstöð að Steinhellu 10, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

1.1.12 Furugrund 3, Kópavogur - söluturn

Lögð fram umsókn Smára Vilhjálmssonar f.h. Snælands vídeó ehf., kt. 681294-2879, dags. 8.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns að Furugrund 3, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.13 Hagasmári 2, Kópavogur – bílapvottastöð

Lögð fram umsókn Vilhjálms Einarssonar f.h. Bónax ehf., kt. 700811-0180, dags. 20.10.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir bílapvottastöð að Hagasmára 2, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.14 Hlíðasmári 8, Kópavogur - tungumálaskóli

Lögð fram umsókn Aneta Matuszewska f.h. Retors sf., kt. 440708-2340 dags. 9.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tungumálaskóla að Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Húshluti: 01 0301. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.15 Hæðasmári 6, Kópavogur - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Margrétar G. Jónsdóttur f.h. Thea ehf. (Bonita Snyrtistofu) kt. 631006-4420 dags. 30.11.2011, þar sem sótt er um leyfi til að sinna varanlegri förðun (tattoo) á snyrtistofu sinni að Hæðasmára 6, Kópavogi. Húshluti: Sér rými hjá Perm ehf. (Space-hárgreiðslustofa) Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.16 Kópavogsbraut 1A, Kópavogur - fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Auðar Sveinsdóttur kt. 201255-5899 dags. 31.10.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu í Sunnuhlíð, Kópavogsbraut 1A, Kópavogi. Ný starfsemi. Lagt fram bréf Sunnuhlíðar dags 5.12.2011 um fyrirhugaðar úrbætur.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 2 ára.

1.1.17 Neðströð 8, Kópavogur – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Andra Týrs Kristleifssonar f.h. Herramanna ehf., kt. 440511-0820, dags. 14.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Neðströð 8, Kópavogi. Yfirtaka á starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt endurútgáfa starfsleyfis til 26.9.2022.

1.1.18 Rjúpnasalir 1, Kópavogur – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Hermanns Óla Ólafssonar f.h. Modus hárstofu ehf., kt.440511-0820, dags. 29.11.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Húshluti.: 01 0102. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.19 Smiðjuvegur 4, Kópavogur - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Kristínar D. Kjartansdóttur f.h. Snyrtistofunnar Daggar ehf., kt. 520608-0520 dags. 01.12.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Húshluti: Sér rými hjá Birtu og Binna ehf (Hársmiðjan – hárgreiðslustofa). Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.20 Vesturvör 12, Kópavogur – niðursuðuverksmiðja

Lögð fram umsókn Eiríks Magnússonar f.h. Ora – Íslensk Ameríska verslunarfélagsins ehf., kt. 660169-1729, dags. 18.10.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur niðursuðuverksmiðju að Vesturvör 12, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.2 Umsagnir

1.2.1 Skólabraut, Garðabær, íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 9.12.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnudeildar Stjórnunnar kt. 580589-1389, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorablót Stjórnunnar sem haldið verður í Mýrinni íþróttamiðstöð þann 20.01.2012 frá kl. 19:00-03:00 fyrir 1200 manns.

Jákvæð umsögn samþykkt.

1.2.2 Kaupþún 4, Miklatorg hf, Garðabær, veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 7.12.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn IKEA kt. 541293-2809, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu í flokki II að Kaupþúni 4, Garðabæ.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 25.09.2006 starfsleyfi til rekstur veitingastofu og greiðasölu skv. matvæla og hollustuháttareglugerðum. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að

teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu .”

1.2.3 Kaplakriki, Hafnarfjörður, íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 12.12.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika í Kaplakrika, þann 20.12.2011 frá kl. 18:00-01:00 fyrir allt að 4500 manns.

Jákvæð umsögn samþykkt.

1.2.4 Strandgata 9, Hafnarfjörður, veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 4.12.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn S.H. kaffi ehf. (áður Súfistinn), kt. 510394-2839, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki II að Strandgötu 9, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 30.11.1994 starfsleyfi til rekstur veitingastaðar skv. matvæla og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingahús.”

1.3 Annað

1.3.1 Sjávargrund, Garðabæ, áramótabrenna

Lagt fram erindi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 13.12.2011 þar sem óskað er umsagnar um umsókn Knattspyrnudeildar Stjörnunnar vegna lítillar áramótabrennu við Sjávargrund í Garðabæ.

Jákvæð umsögn samþykkt.

2 Samþykkt um kattahald í Garðabæ

Lagt fram erindi umhverfisnefndar Garðabæjar ásamt tillögu að samþykkt um kattahald í Garðabæ dags. 6.12.2011.

Afgreiðslu frestað.

3 Samþykkt um hús- og gæludýrahald í Hafnarfirði

Lögð fram tillaga að samþykkt um hús- og gæludýrahald í Hafnarfirði sbr. lið 7.2 í fundargerð nefndarinnar frá 21. nóvember 2011.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd leggur til við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að fyrirliggjandi tillaga verði samþykkt með vísun til ákvæða 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir”.

4 Umhverfisstefna

Ræddar helstu áherslur í rekstri í heilbrigðiseftirlitsins næstu misseri sem draga eiga úr umhverfisáhrifum og gera vistvæna stefnu sýnilegri.

Heilbrigðisnefnd samþykkti eftirfarandi yfirlýsingu:

„Heilbrigðiseftirlitið mun leitast við lágmarka umhverfisáhrif í sínum rekstri. Til að stuðla að því markmiði verður leitast við að velja umhverfisvottaðar vörur og þjónustu í innkaupum, að flokka úrgang sem til fellur og koma honum í viðurkennda farvegi og við endurnýjun ökutækja verður tekið mið af losun gróðurhúsalofttegunda.”

5 Samstarfshópar Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 10. nóvember 2011 um tilnefningu fulltrúa í þrjá samstarfshópa Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til tveggja ára..“

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Samþykkt að taka virkan þátt í samstarfshópunum næstu tvö árin.”

6 Eftirlitsverkefni 2012

Lagðar fram tillögur að verkefnum og úttektum sem samstarfshópar heilbrigðiseftirlits, Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar hafa undirbúið fyrir árið 2012.

Eftirfarandi eftirlitsverkefni og úttektir hafa verið undirbúin:

- **Matvæli;** Innra eftirlit, rekjanleiki og innköllun, sjálfsafgreiðslubarir.
- **Hollustuhættir;** Efnavörur í matvöruverslunum og stórmörkuðum. Könnun á eldhúsaðstöðu og snyrtingu í félagheimilum og sölum sem leigðir er út í atvinnuskyni. Þrif í skólum.
- **Mengunarvarnir;** Olíuskiljur – könnun á virkni. Bensínstöðvarverkefni.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd stefnir á þátttöku í þessum verkefnum”

7 Eftirlitsgjöld.

Farið yfir stöðu eftirlitsgjalda 2011 sem lögð eru á samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga um matvæli og laga um tóbaksvarnir.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að fylgja eftir innheimtu á eftirlitsgjöldum.”

8 Önnur mál

8.1 Ógn af hundi og kvartanir vegna lausagöngu

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins til eiganda hundsins Ponsa, dags. 25. október 2011. Bréfið var sent í framhaldi af kvörtunum og lögregluskýrslu um að dýrið hafi glefsað til annars hunds sem leið átti um hverfið með eiganda sínum.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

”Með vísunar til 10. gr. samþykktar um hundahald nr. 154/2000 er þess krafist að eigandi hundsins sæki hlýðninámskeið með hund sinn.

8.2 Ruslatunnur á almannafæri á Álftanesi

Til umræðu kom nauðsyn þess að hreinsa tíðar og betur ruslatunnur við göngustíga og íþróttasvæði á Álftanesi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:40

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Ó. Valdimarsson

Sunnar Björg Helgadóttir

Richard Hansen

Jón Bjarni Þorsteinsson

Steingrímur Steingrímsson